

Guðný Zoëga

Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2011



Heimagrafreitur í gamla kirkjugarðinum á Höfða



Byggðasafn Skagfirðinga


Rannsóknaskýrslur

2012/127



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Rannsóknaraðferðir	3
Rannsóknir 2011	5
Höfði á Höfðaströnd	6
Ósland í Óslandshlíð	12
Bræðrá í Sléttuhlíð	18
Hof í Hjaltadal	22
Niðurstöður	27
Listi yfir borkjarna	29



Kort sem sýnir legu þeirra kirkjugarða sem rannsakaðir hafa verið í Skagafirði.

Inngangur

Skagfirska kirkjurannsóknin hófst á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga í byrjun árs 2008 en rannsóknir á heimildum um elstu kirkjustaði hefur þó staðið yfir lengur. Rannsókninni er ætlað að staðsetja, skrá og kortleggja alla elstu kirkjustaði í héraðinu og er þá leitað fanga í ýmsum heimildum. Rannsókninni er auk þess ætlað að svara, að minnsta kosti að hluta, ýmsum spurningum svo sem; hverjir byggðu fyrstu kirkjurnar eða gerðu fyrstu kirkjugarðana, hvar voru þeir staðsettir, hverjir lágu í þeim og hvað segja beinin okkur um samfélag og lífsviðurværi þeirra, hvaða garðar/kirkjur voru lagðir niður, hvaða bæir fengu að halda kirkju/grafarleyfi eftir að sóknarkirkjuskipanin komst á, hvar bænhusin voru sett niður og hverjum þau þjónuðu. Allar þessar spurningar hafa víðari skírskotun í samfélagsskipanina og eru mikilvægar fyrir rannsóknir á byggða- og valda- og samfélagsþróun á tímum sem fáar ritheimildir ná yfir.

Getið er 63ja aflagðra kirkjustaða í Jarðabók Árna og Páls frá 1709-13 og 23ja staða til viðbótar þar sem segir að bænhus eða kirkja standi enn. Eftir að hafa farið í gegn um allar ritheimildir og upplýsingar um beina- og minjafundi eru a.m.k. 143 þekktir eða líklegir

kirkjustaðir í Skagafirði. Búast má við að staðirnir séu mun fleiri miðað við þann fjölda garða sem komið hafa óvænt í ljós á undanförunum árum. Ekki er ætlunin að kanna alla staðina með fornleifauppgreiftri en þó mun fara fram vettvangskonun og fornleifaskráning á öllum stöðunum.

Sumarið 2011 var áætlað að ljúka við þann þátt rannsóknarinnar sem snýr að því að finna og staðfesta grafreiti við kirkjur sem höfðu mismunandi þjónustuhlutverk. Alls eru 23 staðir þar sem að þekkt staðsetning beinafundar eða ummerki eru um mögulega kirkjugarðsveggi. Þar af hafa 19 staðir verið rannsakaðir nánar og tilvist 14 garða verið staðfest.

Einnar milljóna króna styrkur fékkst frá Fornleifasjóði sem dugði til að kanna fjóra staði af sjö sem lagt var upp með. Staðirnir sem urðu fyrir valinu voru Hof í Hjaltadal og Höfði á Höfðaströnd, Ósland í Óslandshlíð og Bræðrá á Sléttuhlíð.

Rannsóknin 2011 miðaði að því að reyna að greina hvort sumar kirkjur/kirkjustaðir hafi frá upphafi haft meira vægi en aðrir. Einnig var ætlunin að kanna hvort sjá mætti mun á kirkjugörðum við hálfkirkjur eða sóknarkirkjur og gördum heimiliskirkna sem snemma lögðust af. Því voru valdir staðirnir Ósland í Óslandshlíð þar sem á að hafa verið hálfkirkja og Höfði á Höfðaströnd sem vitað er að varð sóknarkirkja snemma. Á Hofi í Hjaltadal var ætlunin að athuga hvort svokallaður Hjaltahaugur gæti verið forn kirkjugarður auk þess sem ætlunin var að kanna nánar aldur minja á jörðinni en þar hefur fundist kristinn 13. aldar grafreitur frá þeim tíma er jörðin á að hafa verið í eyði. Á Bræðrá á að hafa verið affallið bænhús á 15. öld og þar var sléttað úr hringlaga gerði rétt eftir miðja 20. öld. Þar sem túnið sem bænhúshóllin er á er enn í fullri notkun var vonin að hægt væri að staðsetja hólinn og kirkjugarð til að forða honum frá frekara raski.

Leyfi til verksins fékkst frá landeigendum viðkomandi jarða og Fornleifavernd ríkisins og fór rannsóknin fram á tímabilinu júlí-ágúst 2011. Við viljum þakka kærlega öllum heimildamönnum okkar og landeigendum jarðanna sem rannsakaðar voru.

Verkið var unnið af starfsmönnum Byggðasafns Skagfirðinga, Guðnýju Zoëga fornleifa- og mannabeinafræðingi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi. Bryndís Zoëga, landfræðingur, sá um uppmælingar og kortagerð.

Rannsóknaraðferðir

Farið hefur verið ítarlega í gegn um Íslenskt fornbréfasafn, leitað í örnefnaskrár að vísbendingum um mannvirki og munnmæli tengdum kirkjum og kirkjugörðum auk þess sem stuðst er við fjölmargar yngri ritheimildir og frásagnir heimildamanna. Ætlunin er að gera fornleifakannanir á stöðum sem ætlað er að kirkjur/kirkjugarðar hafi verið á í frumkristni og er þá sérstök áhersla lögð á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundi eða óljósari heimildir um tilvist garða. Upplýsingarnar eru settar í sérhannaðan land-upplýsingagrunn þar sem finna má uppmælingar fornleifa, legu jarða og fornþýla, landamerki, sóknarmörk og aðrar upplýsingar sem koma að gagni við úrvinnslu rannsóknargagna.

Þegar heimildavinnu er lokið er farin vettvangsferð þar sem reynt er að greina á yfirborði garðlög eða annað sem bent gætu til kirkjugarðsleifa. Einnig eru skoðuð svæði þar sem allt er horfið af yfirborði en þar sem nokkuð örugg heimild er til um garðlag eða beinafundi.

Elstu kirkjugarðar voru oftast hringlagað gerði, gjarnan um 15-20m í þvermál og eru því auðgreinanlegir frá öðrum búsetuminjum. Á þeim virðist einnig stundum hafa hvílt helgi þannig að þeim hefur verið þyrmt við nútíma sléttunum og jarðvegsræktun þrátt fyrir að aðrar byggðaleifar séu horfnar. Einnig er algengt að þeirra sé getið í örnefnaskrá, bæði þar sem einungis örnefni benda til minja en einnig þar sem tilvist þekktra eða meintra garð- og kirkjutófta er kunn. Við rannsóknina hefur komið í ljós að fjölmargir garðar sem getið er í örnefnaskrá hafa horfið, a.m.k. af yfirborði, við jarðvegsframkvæmdir á síðastliðnum áratugum og er því mikilvægt að staðsetja þær sem nákvæmast með nútíma mælitækjum á meðan að einhver þekking er enn um hvar þær lágu. Fjölmargir garðar eru þó horfnir, að öllu eða miklu leyti, af yfirborði og engar heimildir til um tilvist þeirra.

Garðarnir og svæðin sem valin hafa verið til rannsókna eru oftast mjög einfaldir að gerð. Sjaldan hafa seinni tíma byggingar legið ofan á þeim og jarðlög innan garðs hafa reynst einföld og auðgræf. Sárafáir gripir hafa einnig fundist við rannsóknirnar.

Þættu staðirnir líklegir til að geta gefið frekari niðurstöður var gerð frekari fornleifarannsókn. Kjarnabor var notaður til að greina möguleg garðlög þar sem að þau voru ekki sýnileg á yfirborði. Væri hægt að greina hvar kirkjugarðsveggurinn lá voru teknir könnunarskurðir í gegn um hann og inn í kirkjugarðinn sjálfan. Þar sem ekki fannst veggur voru teknir könnunarskurðir innan svæðisins sem mögulega var talið kirkjugarður. Reynt var að hafa skurðina eins nálægt áætluðum útmörkum garðs eins og unnt var til að forðast að koma niður í leifar kirkjunnar. Einnig mátti ætla að þær grafir sem næstar eru garðvegg kynnu að hafa verið yngstu grafirnar í garðinum og þær kynnu því að gefa hugmynd um hvenær hætt var að grafa í hann. Teknir voru einn eða fleiri skurðir til að ákvarða aldur og hvort um kirkjugarð væri að ræða. Þar sem komið var niður á yngri mannvistarlög ofan kirkjugarðsleifa var ekki grafið niður úr þeim. Einungis var grafið í minjar sem talið er fullvíst að séu óraskaðar leifar 11.-13. aldar grafreita.

Þar sem könnunarskurðir voru teknir í garðlög var leitast við að hafa þá eins takmarkaða og mögulegt var. Það var gert til að sem minnst rask yrði á minjunum en auk þess tóku rannsóknirnar þá minni tíma, voru ódýrari og mögulegt var að skoða fleiri staði. Skurðirnir voru teknir norður-suður til að koma þvert á mögulegar grafir. Ef grafir fundust var skurðurinn stækkaður austur-vestur þannig að hægt væri að opna eina grafanna.

Snið voru teiknuð upp, þau mynduð og þeim lýst. Skurðirnir og aðrar leifar bæjar og túns voru mældar með nákvæmum gps mælingatækjum. Svæði og grafir innan garðs eru grafin í „single-context“ eininga kerfinu. Samningur er við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu gripa sem kunna að finnast. Beinagrindur eru hreinsaðar og gengið frá þeim í viðeigandi umbúðir sem samþykktar eru af forvörsludeild Þjóðminjasafnsins. Þær eru varðveittar í geymslum Bygðasafnsins en skráðar í skráningarkerfi Þjóðminjasafnsins.

Aldur minja var metinn út frá gjóskulögum. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur sem oft finnast í torfi gefa einnig hugmynd um það hvenær torf kann að hafa verið tekið. Hér eru einungis nefnd þau fimm lög sem greinilegust eru en þau eru þó fleiri. Neðst er dökk gjóskulagasyrpa sem nefnd hefur verið Landnámssyrpan eða Landnámslagið (LnL). Hún féll um 870. Ofan hennar er þunnt dökkt lag, Vj~1000, sem féll um 1000. Ofan þess er hvít áberandi gjóska úr Heklu sem féll 1104 (H1104). Ofan hennar er gráleitt lag úr Heklu frá 1300 (H1300). Efst, rétt undir grasrót, er svart gjóskulag úr Heklu sem féll 1766.

Rannsóknir 2011

Leitast hefur verið við að rannsaka mismunandi gerðir garða sem þekktir eru af mismunandi heimildum. Má þar nefna garða við sóknarkirkjur, hálfkirkjur, bænhús, kirkjur á höfðingjasetrum, smærri býlum, garða sem koma óvænt í ljós og garða sem grafið hefur verið í frá upphafi kristni. Á þennan hátt fæst breiður rannsóknargrunnur sem ætti að geta gefið mun ítarlegri svör en ella.

Sumarið 2011 var lagt upp með að leita að og rannsaka a.m.k. þrjár mismunandi gerðir kirkjugarða.

1. Á Höfða, Höfðaströnd var sóknarkirkja a.m.k. fram á 17. öld en var orðin útkirkja á 18. öld. Þar var grafið allt fram á 19. öld. Á 20. öld var þar steypur upp heimagrafreitur innan gamla kirkjugarðsins.
2. Á Bræðrá í Sléttuhlíð var affallið bænhús á 15. öld og engar heimildir um grafreit en þar er svokallaður Bænhúshóll í túni.
3. Á Óslandi í Óslandshlíð á, skv. jarðabók, að hafa verið hálfkirkja til forna. Engar heimildir eru um grafreit þar en þar sást ummerki hringlaga garðs fram yfir miðja 20. öld.
4. Á Hofi í Hjaltadal hefur fundist grafreitur frá 13. öld en engar heimildir eru til um kirkju eða garð þar. Hof á að hafa lagst af og bærinn flust að Hólum í Hjaltadal, líklega á 10 öld. Garðurinn í Hofi hefur því nokkra þýðingu fyrir túlkun á byggðaðróun og breytingar á kirkjuskipan tengdar stofnun Hólastóls. Ætlunin var að kanna hvor svokallaður Hjaltahaugur kynnu að vera leifar eldri kirkjugarðs.

Höfði á Höfðaströnd A48151 N60924



Horft yfir hið forna bæjarstæði Höfðabæjar. Til vinstri má sjá gamla bæjarhúsið sem byggt var 1891. Hægra megin þess má sjá steiptan heimagrafreit sem liggur fyrir miðjum kirkjugarði. Elsta bæjarstæðið lá á milli heimagrafreitsins og steiptu útihúsanna. Málmei í baksýn.

Söguágrip

Höfði er landnámsjörð Höfða-Þórðar Bjarnarsonar. Þorgerður kona hans var að sögn barnabarn Kjarvals Írakonungs¹ sem gæti bent til að hún hafi verið kristin. Höfðakirkju er fyrst getið í máldaga frá 1318² og hún er einnig í máldaga 1461³. Höfðakirkja er í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569 og jörðin sögð „bóndagarður“.⁴ Á seinni hluta 18. aldar var Höfðakirkja annexía frá Felli.⁵ Prestur var á jörðinni og þjónaði hann auk þess tveimur bænhúsum. Höfðakirkja er í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569 og sögð „bóndagarður“.⁶ Á seinni hluta 18. aldar var Höfðakirkja annexía frá Felli.⁷ Hún var lögð niður 1891.

² DI. *Íslenskt fornbréfasafn* II (1893), bls. 460, 459.

³ DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.


⁴ *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279, 318.

⁵ Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

⁶ *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279, 318.

⁷ Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

Kirkja hefur vafalaust verið á Höfða frá fyrstu öld kristni en þegar hennar er fyrst getið í málðaga 1318⁸ hefur hún verið orðin sóknarkirkja. Sóknin var þó lítil, en einungis þrír bæir borguðu þá tíund til kirkjunnar. Höfðakirkja varð síðar útkirkja frá Felli, hún var lögð niður árið 1891.⁹



Yfirlitsteikning sem sýnir kirkjugarð og gamla bæjarstæðið.

Lýsing svæðis

Gamla bæjarstæði Höfða liggur í túbrennu um 100m norður af núverandi íbúðahúsi. Yngri útihús standa á bæjarstæðinu og það hefur verið sléttað þannig að ekki sjást nein ljós ummerki bygginga. Gamli kirkjugarðurinn og kirkjan hafa staðið syðst á bæjarhólnum, um 50m norðan núverandi íbúðarhúss. Eldra íbúðarhús, reist 1891, liggur um 50m vestan kirkjugarðsins en ekki er lengur búið í því. Kirkjugarðurinn stendur frammi á nokkuð bröttum bakka sem rís upp úr túninu um 40m norður af íbúðarhúsinu. Greinilegt eldra og yngra notkunarsteið má greina í garðinum í formi tveggja hringlaga vegghleðsla. Eldri hleðslan liggur í boga eftir hólbrúninni sunnanverðri og er mun útflattari og ógreinilegri en yngri garðurinn. Yngri garðurinn liggur svo í boga um

5m sunnan eldra garðsins. Hann er nokkuð stæðilegri en eldri garðurinn, um metri á breidd og 70cm á hæð. Eldri garðurinn sést á um 15m kafla á vesturbrún hólsins en hverfur þar í bakkann, líklega þar sem hann liggur undir yngri kirkjugarðinn. Hann virðist hafa verið nokkurn veginn hringlaga og líklega um 20m í þvermál. Yngri kirkjugarðsveggurinn virðist hafa afmarkað sporöskjulagaðri garð en norðurendi hans og austurhlið eru þó mjög óljós enda hafa tún þar að hluta til verið sléttuð. Innan yngri kirkjugarðsins hefur verið steypur ferhyrndur heimagrafreitur sem var í notkun á 20. öld.¹⁰

⁸ DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 460, 459.

⁹ Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. 2003. *Höfði á Höfðaströnd. Fornleifaskráning fyrir Aðalskipulag*. Rannsóknaskýrslur Bygðasafns Skagfirðigna 2003/13.

¹⁰ Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn*. Rannsókn á staðsetningu kirkjuminja í Skagafirði, bls. 68.

Vitað er að gröftur var enn í garðinn á fyrri hluta 19. aldar en tilgangur rannsókna var að finna elstu ummerki um notkun garðsins. Það þótti því ekki vænlegt að grafa innan yngri hluta kirkjugarðsins enda mátti þar búast við yngri gröfum og öðrum framkvæmdamerkjum sem kunna að hafa skemmt eldri leifar. Á sjöunda áratugi sl. aldar var grafið fyrir raflínunum heim að eldra íbúðarhúsinu, þvert í gegn um svæðið milli eldra og yngra garðsins, og kom þá upp töluvert magn mannabeina. Friðrik V. Antonsson bóndi á Höfða sagði að beinafundurinn hefði komið mönnum mjög á óvart enda hafi menn ekki talið að grafir væri að finna utan þess svæðis sem yngri kirkjugarðsveggurinn afmarkar. Það var því líklegt að þarna væri um að ræða elsta fasa kirkjugarðsins og því var könnunarskurður tekinn fast upp við þar sem greinilega mátti sjá niðurgröft tengdan raflögninni. Þar var fljótlega komið niður á gröf og var skurðurinn stækkaður. Skurðir voru einnig teknir í yngri og eldri kirkjugarðsveggina.

Skurður 1(sjá teikningu 1 aftast í skýrslu)

Skurðurinn var tekinn í mitt svæðið milli eldri og yngri kirkjugarðsveggjanna. Hann var tekinn fast upp við ferhyrndan niðurgröft sem Friðrik bóndi á Höfða sagði myndu hafa verið grafinn fyrir rafstaur sem þar stóð. Skurðurinn var T-laga. Hann var 2.m langur frá vestri til austurs. Hann var um 1m að breidd en þverskurður var tekinn til suðurs frá suður langhlið hans. Þverskurðurinn náði 1m til suðurs frá suður langhliðinni og var 1m á breidd. Í austurenda grafar kom fram grjótlag sem lá ofan á graffyllingu [5]. Ekki var grafið niður fyrir grjótlagið og myndaðist því um 50cm breiður og um 50cm hár stallur í austurenda skurðar. Í botni skurðar var hann því 1,8m langur.

Lýsing jarðlaga

Grasrót [1] var nokkuð þykk, mjög ormétin og þurr. Neðst í grasrót austast í skurði var rótað torf- og grjótlag sem náði um 50cm inn í skurðinn. Austast í skurðinum var nokkuð rótað lag með töluverðu grjóti í. Gæti tengst jarðvinunni sem fór þarna fram í tengslum við raflínulögnina. Það er þó ekki hægt að fullyrða og nokkuð þétt lag af stærri steinum virtist liggja efst í þessu lagi. Það má því vera að um sé að ræða einhverskonar sléttunarlag yfir gamla kirkjugarðinn. Undir grjótlaginu var rótað lag [2] með torfflekkjum sem í voru linsur af H1104 og flekkir af mýrarrauða. Þetta lag var um 10-15cm þykkt eftir skurðinum endilöngum frá vestri, en þynntist út við útbrún grjótlagsins. Undir þessu lagi var um 10cm þykk fokmold [3] en í henni nokkurn veginn miðri lá H1300 *in situ*. (*in situ*: óhreyft, á sínum stað) Um 2-3cm lag af óhreyfðri fokmold lá á milli H1300 og Rótaðs torfs [4] sem í voru þykkir flekkir af H1104 og dálítil koladreif. Það lag lá þykkast í vesturenda skurðar undir grjótlaginu sem lá neðst í grasrótinni. Þar var lagið um 30cm á þykkt en um 20cm þykkt í vesturenda. Lagið lá ofan á fyllingu í gröf [5]. Í graffyllingunni voru flekkir af H1104 og smá koladreif. Annars var fyllingin nokkuð gróf, moldarblandin en með miklu af misstórum steinum.

Viðbótarskurðurinn sem tekinn var til suðurs úr skurði 1 var einungis grafinn niður í 30cm dýpt í gegn um rótað torf og grjótlag. H1104 var í torfi í rótinu. Á 30cm dýpi komu fram útlínur grafar (Gröf 4) og virtist graffyllingin sambland af mold og misstórum steinum. Enga gjósku var að sjá í graffyllingunni eða yfir gröfinni.

Gröf 1



Beinagrind konu kom fram í gröfinni sem opnuð var. Sjá má bein til beggja hliða hennar en gröfin hefur verið tekin ofan í eldri grafir. Jarðvegur í Höfðakirkjugarði hefur verið mjög malarkenndur og því fremur illgræfur.

Í skurðinum var komið niður á gröf sem í var beinagrind konu. Skurðurinn var metri á dýpt og gröfin sjálf um 60-70cm djúp frá botni að yfirborði. Annars var erfitt að meta nákvæmlega stærð grafarinnar þar sem að skurðurinn sem grafinn var fyrir raflínustaurinn hafði skaddað hana að suðvestanverðu. Gröfin hefur líka verið tekin ofan í eldri grafir og því var erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmri lögun hennar á yfirborði sem og í botni. Engin merki kistu var að finna í gröfinni. Beinagrindin lá í botni grafar og greinilegt var að grafið hafði verið í gegn um a.m.k. tvær eldri grafir. Neðst í botni grafar, austanvert, stóðu fótabein og leggjaendar út úr eldri gröf út úr suðursniðinu (Gröf 3). Sú gröf virtist að öðru leyti ekki skemmd. Leggjaeinum og mjaðmabeinum karlmanns hafði verið komið fyrir við sitt hvora hlið og undir líkinu og var greinilegt að grafið hafði verið niður í eldri gröf (Gröf 2), beinunum mokað upp úr henni og þeim svo komið fyrir til hliðar við konuna sem lögð hafði verið í gröfina. Vegna seinni tíma jarðvegsvinnslu, þess að gröfin var tekin ofan í eldri grafir og þess hve jarðvegur var þurr og ormétinni var ekki hægt að greina nein gjóskulög yfir gröfinni sjálfri. Hinsvegar mátti í sniði greina jarðlög yfir gröfinni sem að hefur verið raskað þegar gröfin var tekin. Sú gröf er tekin einhvern tímann eftir 1104 og fyrir 1300, líklega á 13. öld. Gröfin hefur því líklega verið tekin um eða rétt eftir 1300. Nýr kirkjugarðsveggur hefur verið reistur eftir 1300 og ekki er ólíklegt að eldri garðurinn hafi verið farinn að fyllast um 1300 þegar gröfin var tekin.

Líkið hefur verið lagt á bakið og handleggir lagðir yfir kviðinn þannig að hægri hönd hefur legið yfir þeirri vinstri. Fótleggir voru beinir nema hvað hægri fótur hefur verið lagður í kross yfir þann vinstri. Höfuð hefur vitað beint fram. Varðveisla beina var sæmileg, fótleggjabein voru ágætlega varðveitt en önnur bein ver farin. Hægri hlið höfuðkúpu var brotin sem líklega hefur gerst þegar grafið hefur verið fyrir raflínustaurnum. Hægra upphandleggsbein og axlarbein vantaði en þeim hefur verið mokað í burtu þegar skurðurinn var tekinn.

Skurður 2 - í yngri kirkjugarðsvegg (sjá teikningu 2 aftast í skýrslu)

Skurður 2 var tekinn í yngri kirkjugarðsvegginn. Skurðurinn lá norður-suður, var 3m langur og um 50cm breiður. Hann var tekinn frá skurði 1 og til suðurs í gegn um vegginn. Skurðurinn var rétt um 20cm djúpur í suðurenda og um 10cm djúpur í norðurenda. Mest jarðvegsdýpt var norðanvert í skurðinum þar sem veggurinn reis hæst, þar var hann um 70cm djúpur.

Lýsing jarðlaga

Grasrót [1] var um 20cm þykk, mjög þurr og ormétin. Bæði sunnan og norðan veggjarins var einfalt lag af grjóti og náði hún suður undir miðjan vegginn. Ekki var grafið niður fyrir grjótlögnina. Grjótið lá í breiðu eftir skurðinum endilöngum nema rétt á smá kafla syðst undir kirkjugarðsveggnum. Beint yfir grjótlögninni var torfið í veggnum [2]. Það var mjög þurrt og fremur einsleitt en þó mátti greina í því linsur af H1104 og H1300. Garðurinn hefur hrunið til suðurs og var rótað torflag [3] upp við suðurhlið garðs. Enga gjósku var að finna yfir garðinum. Grjótlögnin er töluvert breiðari en garðurinn sjálfur og kann að hafa myndað nokkurs konar stétt utan við garðinn. Líklegt er að grjótið sem lá undir grasrót austast í skurði 1 sé hluti þessarar grjótlags.

Skurður 3 – í eldri kirkjugarðsvegg (sjá teikningu 3 aftast í skýrslu)

Skurðurinn lá frá norðri til suðurs inn í bakkann niður frá og suður af kirkjugarðinum. Hann lá í gegn um það sem virtist geta verið útflatt hringlaga eldra garðlag utan um elsta hluta kirkjugarðsins. Skurðurinn var 1,5m að lengd og um 60cm að breidd. Dýpstur var hann í norðurenda, 1,25m að dýpt en 30cm í suðurenda þar sem komið var niður á stóran stein.

Lýsing jarðlaga

Efst var 20-40cm þykkt grasrótarlaga, mjög þurrt og ormétið. Undir því var kirkjugarðsveggurinn [2]. Hann var mjög lagskiptur syðst í skurðinum um 50cm á hæð. Í honum voru þykkar linsur af H1104 en ekki var aðra gjósku að sjá. Torfinu hefur verið rutt um eða það hrunið til suðurs þar sem um 40cm rótað torflag [3] með 1104 gjóskunni lá skáhallt niður brekkuna upp að stórum steini sem var neðst (syðst) í skurði. Undir torfveggnum [2] var einföld grjótlögn, líkt og sjá mátti undir yngri garðinum. Undir henni var um 6cm þykkt rótað lag [4] með ýmsu rusli, kolum, ösku og dálitlum flekkjum af H1104. Undir því var svo lagskipt rauðleitt torf en í því var engu gjósku að sjá. Neðan þess var svo lagskipt ruslalagið [6] sem í voru brennd bein, aska og kol. Ruslalögin voru of laus í sér til að geta verið góflög. Lögin þynntust út til suðurs og fokmold var á milli laga sem bendir til lengri notkunar, gætu verið útmörk ruslahaugu eða fok af bæjarstæðinu eða ruslahaugi.

Túlkun

Gröfin sem skoðuð var reyndist frá því rétt um eða eftir 1300. Önnur gröf fast norðan hennar var frá því fyrir 1300 en ekki verður fullyrt um aldur tveggja grafa. Eldri kirkjugarðsveggurinn var reistur eftir 1104. Hinsvegar var að finna undir honum ýmsar ruslaleifar sem bent gætu til þess að garðurinn hafi verið settur niður á elsta hluta bæjarstæðisins. Þar var einnig að finna eldra torf sem ekki var með 1104 gjóskunni. Óvíst er hvort um eldri hluta garðs er að ræða eða einhverskonar uppfyllingarlag inni í garðinum sem hefur verið lagt niður áður en garðurinn hefur verið hlaðinn. Það torf virðist annað hvort hafa verið lagt niður sem jafnþykkt lag eða að sléttað hefur verið úr því áður en að kirkjugarðsveggurinn var hlaðinn. Það eru því vísbendingar um minjar frá því fyrir 1104 í skurðinum og nokkuð víst er að garðurinn er að stofni til frá því fyrir þann tíma. Garðurinn hefur að hluta verið færður eftir 1300 og hefur einfalt grjótlag verið lagt niður undir og umhverfis kirkjugarðsvegginn, e.t.v. til að slétta svæðið umhverfis hann. Gröftur hefur lagst af í eldri hluta garðsins einhvern tímann á 14. öld.

Ósland í Óslandshlíð

A484011 N592818

Söguágrip

Ósland var að fornu stórbýli, metin um 80 hundruð í jarðabók 1709¹¹ en síðar hefur jörðinni verið skipt upp og í jarðabók Johnsens frá 1847 er jörðin talin 37,5 hundruð með þremur hjáleigum.¹²

Á Óslandi stóð forðum hálfkirkja en kirkju er fyrst getið þar 1591 í bréfabók Guðbrandar Þorlákssonar biskups og voru þar þá tvær uppistandandi kirkjur.¹³ Kirkjubyggingin stóð enn 1709 þegar jarðabókin var rituð og höfðu tíðir verið veittar í kirkjuhúsinu þar til fyrir um 20 árum.¹⁴ Kirkjan mun hafa staðið skammt frá gamla bænum og minntust heimamenn þess að hafa séð hringlaga garðlag með rúst um og fyrir miðja 20. öld.¹⁵



Horft til norðurs heima að Óslandsbændum frá könnunarskurðinum.

Lýsing svæðis

Bæjarstæði Óslandsbæjar hefur verið fært til a.m.k. tvisvar. Samkvæmt örnefnaskrá var Elsta Bæjarstæði í hásuður frá bænum og þar sagðar miklar rústir. Þar á bærinn að hafa staðið frá örófi en hann svo fluttur ofar í túnið um 1870. Var þar kallað Nýja Bæjarstæði. Þar stóð bærinn til 1920 þegar hann var fluttur á núverandi bæjarstæð.¹⁶ Gamla bæjarstæðið er nú í sléttuðu túni um 270m sunnan eldra íbúðarhússins á núverandi bæjarstæði. Bærinn hefur staðið á sléttri hólbungu sem hefur legið neðst í túnbrekkunni sunnan bæjar. Samkvæmt örnefnaskrá var Kirkjugarðsvöllur utan við Elsta-Bæjarstæðið.¹⁷ Í annarri örnefnaskrá eru örnefnin Kirkjugarður og Kirkjustæði og þá sást óglögg fyrir garðinum og örlaði fyrir kirkjutóft fyrir miðju garðs.¹⁸ Þessi ummerki sáust fram um miðja 20. öld þegar tún voru sléttuð en nú eru engin merki um kirkjugarðinn sjáanleg á yfirborði og ekkert er eftir af minjum á Elsta-Bæjarstæðinu nema óljósar mishæðir í túni.

¹¹ Jarðabók, 9. bindi (1930), bls. 233.

¹² Jarðabók Johnsens (1847), bls. 269.

¹³ Óprentuð bréfabók Guðbrands Þorlákssonar 1591, bls. 13.

¹⁴ Jarðabók, 9. bindi (1930), bls. 233. Sveinn Nielsson (1950). *Prestatal og prófesta á Íslandi*, bls. 258 (neðanmáls, og telur hana aftekna seint á 17. öld).


¹⁵ Viðtal Hjalta Pálssonar við Margræti Kristjánsdóttur 14.6.2002 um Ósland í Óslandshlíð.

¹⁶ Örnefnaskrá Óslands 1, bls. 1.

¹⁷ Sama heimild, bls. 1.

¹⁸ Örnefnaskrá Óslands 2, bls. 4.

Þó svo að einhverjar hugmyndir væru um hvar garðurinn muni hafa legið var nákvæm staðsetning hans ekki þekkt. Halldóra Magnúsdóttir ábúandi á Brekkukoti, næsta bæ utan Óslands, er fædd þar og uppalin og gat bent á svæði í túninu sem kallað var kirkjugarður. Hnit var einnig til á áætluðum kirkjugarði sem fengið var eftir leiðbeiningu frá Margréti Kristjánsdóttur frá Ártúnum við Hofsós. Margrét minnst þar hringlaga gerðis með rúst í miðju og þúfum



Yfirlitstekning sem sýnir legu minja á Óslandi.

umhverfis eins og þar hafi verið leiði. Þessar upplýsingar voru notaðar til að gera frekari rannsókn með kjarnabor í túninu til að reyna að ákvarða hvar kirkjugarðurinn lægi. Lagðar voru út línur þvert á túnbrekkuna á þremur stöðum og varð fljótt ljóst að þarna er fremur jarðgrunnt og jarðlög nokkuð rótuð og úr lagi gengin vegna túnsléttunarinnar. Lítil merki fundust um mannvist í kjörnunum við tvær neðri línurnar en efsta línun, sem lá í nokkrum halla gaf niðurstöður sem þóttu lofa góðu. Það kom á daginn þegar tekinn var

könnunarskurður að þar var komið niður á kirkjugarðinn, rétt undir grasrót. Alls komu fram ummerki sjö grafa og var ein þeirra opnuð til frekari staðfestingar og rannsókna.

Borkjarnar voru einnig teknir í Elsta-Bæjarstæðið og var komið niður á leifar bæjar sem reistur hefur verið eftir 1300. Einnig komu fram eldri góflög úr mannabústað en ekki var hægt að ákvarða aldur þeirra með neinni vissu. Það var því staðfest að þarna er bæjarstæðið frá því fyrir 1300 og því bæjarstæðið sem samtíma hefur verið kirkjugarðinum. Yngstu leifar bæjarstæðisins hafa þó horfið við sléttun túnanna.



Nyrsti hluti skurðar. Þar kom fram veggur og gólf byggingar sem innihélt mikið aðf móösku, túlkuð sem mögulegar leifar smiðju.

Skurður 1 – vestursnið (teikningar 4 og 5 aftast í skýrslu)

Aðeins einn skurður var tekinn í túnbrekku þar sem að innihald borkjarna hafði bent til að gæti verið graffylling. Fyrst var tekinn um 1,6x0,5m skurður. Þar komu fram rótaðar torfleifar. Skurðurinn var þá lengdur til norðurs og var þar komið niður á grjóthleðslu og móöskulag. Þar sem ekki var ætlunin að grafa í gegn um byggingar var skurðurinn stækkaður til suðurs og var þar komið niður á rótað jarðlag sem talið var geta verið rót úr gröfum. Skurðurinn varð alls 4,5m á lengd og 80-150cm á breidd. Hann lá norður-suður. Til að geta opnað eina grafanna sem fram komu í skurðinum var hann stækkaður um 70cm til austurs frá austur langhlið og var stækkunin um 1,6m að lengd. Einnig var opnað útskot til vesturs frá miðjum skurði og var það 60cm breitt og 1,6m langt. Í norðurenda skurðar og í útskotinu sem stækkað var til vesturs var grasrót og dálítill rótaður jarðvegur hreinsuð í burtu. Þar var komið niður á leifar byggingar, e.t.v. smiðju, og var því ekki grafið dýpra. Þar var skurðurinn mest um 25cm að dýpt. Miðja og suðurendi skurðar og viðbótin sem opnuð var til austurs voru hinsvegar grafnar niður þar til komið var niður á yfirborð grafa og þar var skurðurinn um 80cm djúpur í suðurenda og um metri í norðurenda.

Skurður 1 - Lýsing jarðlaga



Hér sést hvernig gröf 1 hefur verið tekin í gegn um hvítu gjóðskuna frá 1104.

Efst var um 20cm þykk ormetin grasrót [1]. Grasrót og efstu jarðlög voru mjög þurr. Fjögur jarðlög voru beint undir grasrót. Í norðurenda skurðar var komið niður á mjög rótað móöskulag [4] sem í voru þykkar linsur af H1104 og grænni gjósku. Þetta jarðlag var sýnilegt á 120cm kafla í suðurenda skurðar. Einföld grjótröð lá austur-vestur um 70cm norðan við suðurenda skurðar. Móöskulagið [4] var þéttast innan þess en lá einnig í þynnra lagi á um 20cm breiðum kafla utan hleðslunnar og metra langur fláki var einnig upp við hleðslur sem voru austast í skurðhlutanum sem stækkaður hafði verið til austurs. Efst undir grasrót við hleðsluna í suðurhluta skurðar, var að finna torf sem virtist aðeins lagskiptara og gæti verið úr torfvegg en veggurinn sjálfur hefur þá að öðru leyti verði horfinn nema steinarnir neðst í honum.

Lagið sést ekki á sniðteikningu því það lá einungis í hluta austursniðs. Í þeim hluta skurðar sem opnaður var til austurs kom einnig fram einföld grjóthleðsla beint undir grasrót. Móöskulagið [4] lá austan grjótraðarinnar. Sunnan grjótraðarinnar beint undri grasrót [1] lá svo mjög þurrt og rótað lag [3] með torfflekkjum og stórum linsum af H1104. Einnig var nokkuð um stóra kolamola í laginu. Lagið lá beint ofan á H1104 sem lá *in situ* á um 1,8m kafla í suðurhluta skurðar. Beint undir grasrót í suðurenda skurðar var torflag [2] með lagskiptu torfi og þykkum linsum af H1104 og stórum kolamolum. Lagið var þykkast syðst í skurði um 30cm. Neðan þess var einnig rótað lag [5] en það var moldarskotnara en efra lagið. Í því voru flekkir af rauðleitu mýrartorfi og flekkjum af H3. Gæti verið úr graffyllingu. Niðurgroftur [10] var í gegn um lög [2, 5 og 7] og H1104. Í honum var rótaður jarðvegur. Gæti verði vestasti hluti barnsgrafar. Undir lagi [5] var mjög rótað jarðvegslag [7] með rótuðu rauðleitu mýrartorfi, flekkjum af H3 og smá koladreif. Þetta lag lá beint undir H1104 *in situ*. Lagið lá eftir skurðinum miðjum og hafa seinni tíma grafirnar verið teknar í gegn um það. Það virtist hinsvegar liggja ofan á þeim gröfum sem lágu undir H1104 og er spurning um hvort að þetta hefur verið seinni tíma uppfyllingarlag. Laginu hallar til suðurs syðst í skurði og hallar H1104 því þar til samræmis. Dálítill halli hefur því verið til suðurs í garðinum um aldamótin 1100. Lag [7] hefur legið beint ofan á náttúrulegum jarðlögum [8] sem að grafirnar sem sáust nyrst í skurði er grafnar ofan í. H1104 liggur *in situ* yfir suðurenda skurðar og yfir hluta hans þar sem hann var stækkaður í austur. Hinsvegar var norðurendi og sérstaklega austurhluti skurðar mjög rótaður, bæði var þar torfrót, líklega einhverskonar uppfyllingarlag, sem hefur blandast uppmokstri úr gröfunum. Stórir flekkir af 1104 voru í þessu róti.

Grafir

Alls komu fram sjö grafir í skurðinum. Tvær grafanna (grafir 5 og 6) komu í ljós beint undir móðskulaginu í norðurenda skurðar og voru þær greinilega teknar eftir 1104 enda voru stórar linsur af gjóskunni í graffyllingunni. Í norðaustur horni skurðar, undir vegghleðslunni sem lá þar þvert yfir kom fram horn á þriðju gröfinni (gröf 7). Fyrir miðjum skurði kom fram graffylling sem lá undir H1104 laginu. Þrjár barnsgrafir voru svo syðst í skurði. Gröf 1, sem var skoðuð nánar, hefur verið tekin í gegn um 1104 gjóskuna og því yngri en hún. Fast norðan hennar var önnur barnsgröf (gröf 2) sem einnig hefur verið tekin eftir 1104. Gröf 1 hefur svo skorið eldri barnsgröf (gröf 3) sem lá undir 1104 gjóskunni.

Gröf 1

Hreinsað var upp úr einni barnsgrafanna til að staðfesta að þar væri um gröf að ræða og til að athuga ástand beina. Gröfin var 95cm löng, breiðust um miðjuna, 50cm, en ávöl til enda. Ekki



Beinagrind ungbarns sem fannst í gröf 1.

var hægt að greina kistu í gröfinni. Graffyllingin var fínn rótaður náttúrulegur jarðvegur en gröfin virðist hafa verið tekin ofan í eldri gröf og náttúrulegan jarðveg. Gröfin, líkt og kirkjugarðurinn allur, lá í náttúrulegri brekku. Til að botn grafarinnar væri sléttur var gröfin dýpri í austurenda ofar í brekkunni, alls 120cm að dýpt. Í vesturenda var hún um 80cm djúp. Í botni grafarinnar lá beinagrind ungs barns.

Beinagrind

Beinagrindin lá austur-vestur með höfuð í vestur. Líkið hefur verið lagt á bakið og handleggir á ská yfir neðri hluta kviðar. Fótleggir voru beinir. Höfuðkúpa hefur vitað beint fram með höku fram á bringuna. Beinir voru fremur illa varðveitt, beinendar trosnaðir og barkarbein mjög flagnað, ekki síst á höfuðkúpu. Beinir voru skilin eftir í gröfinni og hulin moldu. Beinagrindin var af um 18 mánaða gömlu barni.

Túlkun

Greinilegt var þó að efstu jarðlögum hafði verið raskað við túnasléttun og torfveggjum verið rutt um þannig að komið var beint niður á undirstöðu veggja og gólflög. Einnig var komið nánast beint niður á yfirborð grafa sem teknar hafa verið eftir 1104. Þar sem grasrót var mjög rótuð og jarðvegur þurr var ekki hægt að greina neina gjósku ofan allra minjanna. Það er því ekki hægt að fullyrða nánar hvenær hætt hefur verið að grafa í garðinn. Hinsvegar er ljóst að

Þar er gröftur hafinn þegar á 11. öld. Yngri grafirnar sem teknar hafa verið eftir 1104 eru með þykkum flekkjum af gjóskunni sem gæti bent til að þær hafi verið teknar ekki mjög löngu eftir að sú gjóska féll. Ekki fékkst nein fullvissa fyrir stærð garðsins en af lýsingum heimildamanna að dæma hefur hann verið hringlaga. Ljóst er að jarðvegi hefur verið bætt í garðinn og haldið áfram að grafa í hann, ofan í eldri grafir. Þessi jarðvegsfylling hefur verið lögð í garðinn áður en að 1104 gjóskan féll. Það kann því að vera að farið hafið verið að grafa í eldri grafir þegar á 11. öld.

Bræðrá í Sléttuhlíð

A483829 N611935

Söguágrip

Í jarðabók frá 1709¹⁹ er Bræðrá talin 40 hundruð og það er hún einni í jarðaskrá Johnsens frá 1947.²⁰ Í báðum jarðabókum er ein hjáleiga talin til jarðarinnar. Elstu heimildir um bænhus á Bræðrá er frá 1461 og það þá sagt lítt stöndugt.²¹ Merki þess sáust enn 1709, segir í Jarðabók.²²

Lýsing svæðið

Umhverfi bæjarins er nú mjög breytt frá því sem var. Samkvæmt örnefnaskrá Bræðrár mun bæjarlækurinn hafa runnið þar sem nú er sléttað tún vestan núverandi íbúðarhúss. Vestan bæjarlækjarins um 50 norðvestur af íbúðarhúsinu er veglegur hóll þar sem elsta bæjarstæðið er sagt hafa legið. Á

gamla bæjarhólnum má enn sjá mishæðir í túni þó svo að engin eiginleg veggjalög séu þar greinanleg. Um 50m beint sunnan þess hóls er annar hóll sem kallast Bænhúshóll. Þar á að hafa sést hringlaga garður en engin kirkjutóft. Engin ummerki garðs er nú að sjá á Bænhúshólnum.



Unnið við uppgröft á Bænhússhóli, bæjarhúsin í baksýn.

Lagðar voru út línur þvert yfir bænhúshólinn og annan hól vestan hans og borkjarnar teknir með jöfnu millibili. Ljóst varð af borkjörnum að þarna hefur miklum jarðvegi verið rutt ofan af hólnum og var í flestum kjörnum komið niður á óhreyfða jökulmöl rétt undir grasrót. Meiri jarðvegsþykkt var í útbrúnum hólsins og voru teknir þar könnunarskurðir. Alls voru teknir sex skurðir á bænhúshóli. Línan sem tekin var eftir hólnum vestan Bænhússhólsins leiddi í ljós að þar myndi elsta bæjarstæði bæjarins vera en þar komu fram vísbendingar um mannabústað frá því fyrir 1104.

Skurður 1 – nyrst í Bænhúshóli

¹⁹ Jarðabók, 9. bindi (1930), bls. 268.

²⁰ Jarðabók Johnsens (1847), bls. 272.

²¹ DI. Íslenskt fornbréfasafn V (1898), bls. 355.


²² Jarðabók, 9. bindi (1930), bls. 268.



Jarðlög í skurði 1. Hvíta línan sem sést er Heklugjóskan frá 1104. Ofan hennar og milli hennar og H1300 voru mannvistarlög sem í voru linsur af móösku og kolum.

Skurðurinn var 40cm á dýpt. Bæði H1104 og H1300 komu fram óhreyfð í skurði. Milli þeirra voru 15cm þykk mannvistarlög, móaska og kol. Virðist geta verið foklög því á milli þeirra voru linsur af óhreyfðri fokmold. Nokkuð er af fokmold á milli mannvistarlagsins og H1300 og einnig er fokmold á milli

H1104 og mannvistarlagsins. Þessi mannvist virðist því vera frá 12. öld.



Yfirlitstekning af bæjarstæði og minjum á Bræðrá.

Skurður 2 – norðarlega í Bænhúshóli

Í skurðinum var dálítið rótað torf og koladreif efst en annars var komið niður á mól á 30cm dýpi.

Skurður 3 – austast í Bænhúshóli (sjá teikningu 6 aftast í skýrslu)

Skurður 3 var tekinn austast í Bænhúshóli þar sem honum hallar í átt að girðingunni utan um heimatúnið vestan bæjarhúsanna. Skurðurinn var 2m langur og um 60cm breiður. Í skurðinum voru jarðlög þykkari en í öðrum skurðum sem teknir voru.

Lýsing jarðlaga


Suður skammendi skurðarins var teiknaður upp. Grasrót [1] náði niður á 25cm dýpi. en neðst í henni var mjög þurr ormetinn jarðvegur. Neðan fokmoldarlagsins var fremur einsleitt moldarlag [3] með smá koladreif örlítilli móösku. Neðst í því var H1300 *in situ*. Neðan þess var um 5-10cm þykkt óhreyft fokmoldarlag [4]. Neðst í skurði var rótuð mold [5] með móösku, flekkjum af H3 og koladreif. Niðurgröftur var ofan í öll lögin [2] og í honum rótuð mold. Rótaða lagið [5] lá nánast beint ofan á þunnri grænletri gjósku. Neðst í skurði var komið niður á jökulmól. Í austur langsniði skurðar komu sömu lög fram nema hvað þar var um 10cm þykkt rótað torflag á ofan rótaða laginu [5].

Skurður 4 – í austanverðum Bænhúshóli.

Skurður 4 var um 1,5m langur og 0,6m breiður. Á um 30cm dýpi var komið niður á þetta jökulmól. Jarðvegurinn einkenndist af mjög þurri grasrót og fremur einsleitri rótaðri mold með flekkjum af H104 og koladreif. Engin eiginleg mannvistarlög fundust í skurðinum og var hann því ekki teiknaður upp.

Skurður 5 – í miðjum Bænhúshóli (sjá teikningu 7 aftast í skýrslu)

Skurðurinn var rétt vestan við miðju Bænhúshólsins. Hann var 3m langur og 40cm breiður. Skammt undir grasrót var komið niður á grængrá þetta mól, á 20cm dýpi í norður enda og 10cm dýpi í suðurenda. Dýpst var niður á botn skurðar í honum miðjum um 30cm. Sunnarlega í skurði komu fram leifar mögulegs veggjar. Þar sem skurðurinn var mjög grunnur var einungis gerð flatarteikning af skurðinum. Syðst í skurði var um 10cm þykkt rótað torflag [1] með flekkjum af H3. Um 13cm norðan við suðurenda skurðar komu fram leifar grjótraðar sem virtust geta verið leifar neðsta hluta veggjar. Steinhleðslan var um 20cm há og tvöföld, hún var um 50cm að breidd. Steinarnir í hleðslunni voru að hluta til sótaðir. Norðan hennar var 70cm langt og 15cm djúpt lag með rótaðri mold [2] með koladreif, dálitilli móösku og flekkjum af H3. Nyrst í skurði var 120cm langt lag



Skurður 5, horft í suður.

[3] af einsleitum jarðvegi með smá steinum. Lagið var rétt um 10cm þykkt niður á möl.

Skurður 6 – sunnan til í Bænhúshóli


Skurður 6 var tekinn sunnarlega í Bænhúshólnum, hann var 2m langur og 40cm breiður. Komið var niður á jökulmöl á 15cm dýpi. Jarðvegurinn var einsleit fokmold með dálítilli koladreif en engin gjóskulög eða eiginleg mannvist var í skurðinum.

Túlkun

Greinilegt er að mikill hluti jarðvegs hefur verið hreinsaður í burtu þegar sléttað var úr túninu á og umhverfis Bænhúshólinn, sunnan gamla bæjarhólsins. Stutt var niður á jökulmöl efst á hólnum. Mestur jarðvegur var í skurðum nyrst og austast á hólnum. Í nyrsta skurðinum komu fram töluverðar mannvistarleifar undir H1300 laginu og örlítill vottur var af kolum undir H1104. Ekki var þó um að ræða byggingaleifar eða leifar grafa eða annarra mannvistarlaga sem bent gæti til kirkjugarðs. Skurður 3 austast í hólnum var eini skurðanna þar sem fram komu samskonar lög og fundist hafa í öðrum kirkjugörðum, rótað torflag eftir endilöngum skurði og samskonar jarðvegsrót og oft fylgir uppmokstri úr gröfum. Hinsvegar fundust engin merki um grafir eða leifar kirkjugarðsveggjar.

Hof í Hjaltadal

ISN93: A 495626,098 N579461,181



Yfirlitsmynd af minjum á Hofi í Hjaltadal. Ljós. Hjalti Pálsson.

Söguágrip

Hof er talin landnámsjörð í Hjaltadal en þar nam land Hjalti Þórðarson. Samkvæmt Landnámu héldu synir Hjalta erfi að honum látnum og eiga 1200 boðsgestir að hafa setið það.²³ Jörðin hefur löngum verið talin fara í eyði á 10. öld en Hólar þá orðnir höfuðból dalsins.²⁴ Fornleifarannsóknir síðustu ára benda hinsvegar til þess að á Hofi hafi verið byggt allt frá landnámi og a.m.k. á 13. og 14. öld. Einnig eru vísbendingar um að jörðin hafi verið í ábúð um miðja 16. öld.²⁵ Það hefur því sannast að saga Hofs er mun lengri og flóknari en talið hefur verið. Tvö íbúðarhús eru nú á jörðinni, Hof I og Hof II og er búið í þeim báðum. Hof I stendur á gamla bæjarstæðinu og var húsið reist 1938 með viðbyggingu 1961.²⁶ Jörðin er nú eign Hólastaðar.

Miklar fornleifar eru á Hofi. Þar hafa meðal annars fundist leifar áður óþekkts kirkjugarðs frá 13.öld frá þeim tíma sem staðurinn á að hafa legið í eyði. Garðurinn kom fyrst í ljós 1955 þegar gamla torfbænum var jafnað út. Á áttunda áratugi sl. aldar fóru fram lagnaframkvæmdir sunnan íbúðarhússins sem nú stendur á bæjarstæðinu komu þá upp leifar fleiri beinagrinda.²⁷ Alls hafa leifar a.m.k. 12 beinagrinda fundist í garðinum.²⁸

²³ Byggðasaga Skagafjarðar VI bindi, bls. 124-125.

²⁴ Sjá t.d. Jarðabók, 9. bindi (1930), bls. 268.

²⁵ Byggðasaga Skagafjarðar VI bindi, bls. 125.

²⁶ Sama heimild, bls. 124.

²⁷ Sama heimild, bls. 129.

²⁸ Guðmundur Ólafsson, 1984, bls. 127.

Geislakolsmælingar beinanna gáfu til kynna að a.m.k. tvær beinagrindanna væru frá 13. öld.²⁹ Kirkjugarðurinn að Hofi er því yngsti kirkjugarðurinn sem fundist hefur í Skagafirði sem engar heimildir eru til um hvorki kirkju né kirkjugarð. Það verður að teljast áhugavert að kirkjugarður er á Hofi eftir að farið er að grafa við Hóladómkirkju og eftir þann tíma sem að flestir aðrir heimagrafreitir virðast aflagðir.

Um 100m beint austan bæjarstæðisins með 13. aldar garðinum liggur það sem virtist nánast hringlaga garðlag með upphækkun austan við miðju. Hringlaga garðurinn er um 30m í þvermál. Þessi, að því er virtist, afgirti hóll nefnist Hjaltahaugur og er talinn legstaður landnámshöfðingjans Hjalta. Þar sem hóllinn líktist nokkuð þeim kirkjugörðum sem skoðaðir hafa verið í héraðinu var ákveðið að gera þar minniháttar fornleifarannsókn til að athuga hvort að um slíkan garð gæti verið að ræða. Einnig var ætlunin að kanna frekar aldur annarra minja á Hofi til að ákvarða nánar byggðasögu bæjarins og hvort að þar hefði verið byggð þegar að grafið var í kirkjugarðinn.

Minjarnar sem rannsakaðar voru frekar eru allar friðlýstar með sérstakri þinglýsingu 13.08.1926.³⁰ Friðlýsingin byggir á að minjarnar hafa verið tengdar við sögur um Hjalta landnámsmann og syni hans sem finna má í Landnámu. Um er að ræða minjar sem nefndar hafa verið Skálatóttir (Veisluskáli) norðvestur af núverandi bæ, fornar tóftir á svokölluðum Hala (Halatóft) norðan bæjar og Hoftóft einnig norðan bæjar, Hjaltahaugur og hringmynduð girðing um hann, garðlög sem talin eru hafa verið sundlaug Hjaltasona. Borkjarnar voru teknir í allar þessar minjar nema Halatóftina en þar hafði áður farið fram fornleifakönnun.³¹ Einnig var kannað hvort finna mætti leifar meints virkisveggjar á bæjarhólum sem menn telja sig hafa fundið við framkvæmdir en veggurinn kemur fyrir í Bollabætti Bollasonar frá 14. öld. Virkisveggurinn er ekki friðlýstur sérstaklega.

Niðurstöður rannsókna:

Hjaltahaugur – meintur mögulegur kirkjugarður:

Haugurinn er dálítill aflöng hólmyndun en umhverfis hana virðist á yfirborði vera nokkuð glöggur hringlaga veggur sem í eru stórir en nokkuð óreglulegir náttúrusteinar. Garðurinn er um 30m í þvermál. Greinilegt er að á fyrri öldum hafa menn gert tilraun til að grafa í hauginn en nokkuð stór dæld er í hólinn þar sem hann rís hæstur. Í þessum niðurgreftri má sjá mól undir þunnri grasrót. Lýsing á haugnum frá 1882 getur þess að garður hafi legið frá haugnum að bænum og sá garður sást enn 1886. Nú sést ekkert eftir af þeim garði. Sigurður Vigfússon fornfræðingur gerði smá könnun í hólinn 1886 og sagðir þar einungis mól og grjót líkt og víða væri að finna í Hofslandi.³²

²⁹ Árný Sveinbjörnsdóttir o.fl. 2010, bls. 687.

³⁰ Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, bls. 45.

³¹ Tara Carter, 2010, bls. 202.

³² Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi, bls. 126-127.



Íbúðarhúsið sem stendur á gamla bæjarstæðinu. Kirkjugarðurinn sem fannst var á svæðinu milli hússins og svokallaðs Blótssteins sem sést við vegkantinn vinstra megin á mynd.

Ástæða þess að talið var mögulegt að þarna gæti verið um að ræða fornan kirkjugarð er hið algera hringlag hólans og þess að vitneskja er um garð á gamla bæjarstæðinu. Slíkur flutningur garðs hefur komið fram við rannsóknir á Stóru-Seylu.

Teknir voru borkjarnar í meint garðlag og inn innan garðsins sjálfs. Engin mannvist fannst á hólnum sem haugurinn stendur á og ekki fundust heldur merki torfs í kjörnunum sem teknir voru í meint garðlag. Innan hólans var allsstaðar strax komið niður á mól er reynt var að taka borkjarna. Margir melhólar eru í landi Hofs og er hér líklega um einn slíkan að ræða. Hringlaga veggurinn umhverfis hólinn kann að vera tilkominn vegna jarðvinnslu í túni en ekki er þó loka fyrir það skotið að torfið í garðinum kunni að vera mjög niðurbrotið eða uppblásið.

Sundlaug:

Garðlag liggur út frá brekku í túni í 25m til vesturs, beygir þar til suðurs og sést ógreinilegri í túninu á um 90m löngum beinum kafla. Þar sem það er gleggst er það um metri á breidd og um 60cm á hæð. Innan eða austan garðsins er óglögg tóft einhverskonar aflangrar byggingar. Byggingin liggur norður-suður og er um 11m löng. Kjarnar voru teknir í garðinn og tóftina innan hans. Garðurinn er greinilega reistur eftir 1104 en ekki var hægt að ákvarða aldur hans nánar. Byggingin innan garðs virðist reist eftir 1300 og kann hún að vera jafnaldra garðinum. Ekki var hægt að ákvarða hvernig byggingu um var að ræða þar sem ekkert gólflag sást en í garðlaginu komu greinilega fram kolaleifar sem gætu bent til mannbústaðar. Þó kunna kolin að hafa blásið yfir svæðið frá bæjarstæðinu norðan við.



Leifar svokallaðs Veisluskála fyrir miðju myndar. Minjarnar reyndust frá því eftir 1104.

Virkisgarður:

Teknir voru kjarnar austanvert í bæjarstæði Hofsbæjar þar sem miklar grjóthleðslur komu upp við framkvæmdir sem taldar voru leifar virkis þess sem fram kemur í Bollabætti.³³ Einungis komu fram umrótaðar torfleifar sem gætu verið frá því að bæjarhúsum var rutt þarna um.

Hoftóft:

Hoftóftin er einungis dálítill laut sem fremur lítil tóftarlag er á. Nokkrir kjarnar voru teknir í og við lautina sem liggur frammi á brekkubrún 90m norðan íbúðarhúss Hofa I og rétt vestan gamalla fjárhúsa. Fram komu leifar húss, líklega íveruhúss af einhverju tagi. Byggingin er yngri en 1104 en engar nánari aldursgreiningar voru mögulegar. Greinilegt er að minjarnar hafa orðið fyrir skemmdum af seinni tíma umróti við gerð fjárhússins og umferð framan við það.

Veisluskáli:

Kjarnar voru teknir í friðlýsta tóft sem kölluð hefur verið Veisluskáli og talin vera skáli sá sem synir Hjalta landnámsmanns héldu í erfi fyrir föður sinn. Kjarnarnir leiddu í ljós að líklega er um að ræða rétt eða einhverskonar gripahús. Engin merki voru um mannvist önnur en dálítið áfok kola. Byggingin virðist reist eftir 1104 og H1300 virðist liggja yfir leifum hennar að hluta sem bendir til að hún hafi verið aflögð fyrir þann tíma. Engin glögg merki voru um seinni tíma endurbyggingu.

Túlkun:

Ekki fundust neinar vísbendingar um kirkjugarð í Hjaltahaugi svokölluðum. Ekki er lokað fyrir það skotið að með stærri könnunarskurðum kunni að koma í ljós leifar torfveggjar en

³³ Bygðasaga Skagafjarðar VI. bindi, bls. 129.

hann er þá mjög illa farinn sökum uppblásturs eða annarrar jarðeyðingar. Engin ummerki grafa eða jarðrasks fundust innan hringlaga formsins. Rannsóknin sýndi fram á að byggð hefur verið að Hofi á 12.- 14. öld, á sama tíma þar hefur verið kristinn grafreitur. Líklegt er að bæjarstæðið hafi verið flutt frá Hala á þann stað sem bærinn stóð fram yfir miðja 20. öld. Það hefur því verið byggð á Hofi á þeim tíma sem bærinn hefur átt að liggja í eyði.

Niðurstöður

Alls hafa nú 14 fornir kirkjugarðar verið rannsakaðir í Skagafirði, þar af 10 sem staðfestir hafa verið í tengslum við Skagfirsku kirkjurannsóknina. Um 60% kirknanna á stöðunum sem skoðaðir hafa verið er hvergi getið í ritheimildum.

Tafla sem sýnir kirkjugarða sem rannsakaðir hafa verið

Nafn jarðar	11. öld	12. öld	13. öld	Kirkjugarðs veggur	Heimild	Varðveisla Beina
Hof í Hjaltadal ³⁴			x			Sæmileg
Ás í Hjaltadal ³⁵	x			x	x	Slæm
Sauðá í Borgarsveit ³⁶	x					Slæm
Keldudalur í Hegranesi ³⁷	x	x		x		Góð
Skíðastaðir í Laxárdal*		x		x	x	Slæm
Steinsstaðir í Tungusveit*	x					Góð
Garður í Hegranesi*	x	x		x		Góð
Stóra–Seyla, Langholti*	x			x		Góð
Stóra–Seyla, Langholti*		x		x	x	Slæm
Mið-Grund, Blönduhlíð	x			x		Góð
Bjarnastaðir, Kolbeinsdal*	x			x		Góð
Ysti-Mór, Flókadal*	x			x	x	Mjög slæm
Ósland, Óslandshlíð*					x	Sæmileg
Höfði, Höfðaströnd* ⁺	x	x	x	x	x	Sæmileg

*Garðar sem staðfestir hafa verið við Skagfirsku kirkjurannsóknina.

⁺ Á Höfða var sóknarkirkjugarður og grafið í hann fram á 19. öld.

Sumarið 2011 var ætlunin að skoða a.m.k. tvo kirkjugarða sem gætu hafa haft eða öðlast víðtækara hlutverk en sem einfaldar heimiliskirkjur og grafreitir. Alls voru fjórir staðir rannsakaðir og voru kirkjugarðar staðfestir á tveimur þeirra, Höfða á Höfðaströnd og Óslandi í Óslandshlíð. Á Hofi í Hjaltadal hafði áður fundist 13. aldar grafreitir en ætlunin var að skoða mögulega tilvist annars kirkjugarðs þar. Þar virtist þó um náttúrumyndun fremur en kirkjugarð að ræða. Engin ummerki kirkju eða kirkjugarðs fundust á Bænhúshólnum á Bræðrá og ekki vannst tími til að gera víðtækari könnun þar. Þar fundust hinsvegar leifar elsta bæjarstæðis Bræðrárbæjar í sléttuðu túninu.

Eini staðurinn sem heimild var um kirkjugarð var á Höfða, en þar var sóknarkirkjugarður fram á 17. öld og enn verið að grafa í garðinn á fyrri hluta 19. aldar. Á Óslandi er elsta heimild um kirkju frá 16. öld en engin heimild um kirkjugarð. Engar heimildir eru til um kirkju eða kirkjugarð á Hofi en þar hafa komið fram leifar 13. aldar grafreits við framkvæmdir á sjötta og áttunda áratugum sl. aldar. Á Bræðrá var sagt affallið bænhús á 15.

³⁴ Guðmundur Ólafsson, 1984, bls. 117-134.

³⁵ Orri Vésteinsson, 1998.

³⁶ Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl, 2000.

³⁷ Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir, 2007, bls. 225-230.

öld. en eina heimildin um staðsetningu kirkjugarðs nú er örnefnið Bænhúshóll og sögn um hringlaga garðlag sem var rutt um við sléttun túna. Engar heimildir eru til um beinafund á Bræðrá.

Rannsóknin 2011 leiddi í ljós að á Höfða hefur verið kirkjugarður allt frá fyrstu árum kristni en þegar á 13. öld var hann tekinn að fyllast og farið að grafa ofan í eldri grafir. Þá hefur kirkjugarðurinn verið orðinn sóknarkirkjugarður og því fleiri fengið leg þar en heimilismenn eingöngu. Í elstu kirkjugörðum sem fundist hafa eru skýr merki um kynskiptingu, karlar lágu sunnan kirkju, konur norðan. Beinagrind konunnar sem grafin var upp á Höfða bendir til að í upphafi 14. aldar hafi þessi siður verið niðurlagðir þar sem hún er grafin ofan í a.m.k. eina karlmannsgröf sunnanvert í Höfðakirkjugarði. Karlmannsgröfin gæti bent til að þar hafi verið grafið kynskipt á 11. öld en þeim sið aflétt þegar garðurinn varð sóknarkirkjugarður.


Á Óslandi segir í jarðabók að hafi verið hálfkirkja til forna. Það er því við því að búast að þar kunni að hafa verið grafið lengur en við litlu heimiliskirkjurnar sem seinna urðu að bænhúsum án graftarleyfis. Á Óslandi var kirkjugarður þegar á 11. öld þar sem að komu fram grafir frá því fyrir 1104. En líkt og á Höfða, voru þar einnig ummerki um seinni tíma greftranir sem skáru eldri grafirnar. Þó svo að ekki væri með neinni vissu hægt að fullyrða um hvenær hætt hefur verið að grafa á Óslandi hefur það þó ekki verið eins seint og á Höfða og líklega hefur verið hætt að grafa þar fyrir siðaskiptin, e.t.v einhvern tímann á 13.-15. öld.

Skörun grafa virðist sjaldgæf í þeim görðum sem rannsakaðir hafa verið en almennt virðist mikið hafa verið lagt upp úr því að grafir sköruðust ekki. Þar að auki voru flestir garðanna aflagðir áður en að þeir fylltust og farið var að grafa ofan í eldri grafir. Skörun grafa, eða skortur þar á, kann því að vera eitt gleggsta merki upphaflegs hlutverks kirkna eða þess að hlutverk þeirra og staða hafi breyst.

Nú er að mestu lokið þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr að því að staðfesta aldur og gerð mismunandi kirkjugarða frá elstu tíð. Enn er eftir að skrá fjölda garða og vera kann að teknir verði fleiri könnunarskurðir í framhaldi af því. Nokkuð ljóst er orðið að á nánast öllum sjálfstæðum býlum í Skagafirði hefur, á 11. öld, verið kirkjugarður. Þar hafa heimilismenn fengið leg en auk þeirra, þar sem svo bar undir, einnig leiguliðar og aðrir sem bjuggu á afbýlum jarðanna. Næsta skref rannsóknarinnar er að kanna nánar einn garðanna til að fá gleggri mynd af gerð og uppbyggingu mannvirkja, greftrunarsíðum og samsetningu fjölskyldunnar sem liggur að baki garðinum.

Listi yfir borkjarna

Borkjarnar teknir á Óslandi í Óslandshlíð



Yfirlitstekning af borkjörnum á Óslandi.

Borkjarnar í bæjarhóli

- 1: Undir grasrót var þurr jarðvegur niður á 20cm dýpi. 20-60cm dýpi var þurr púðurjarðvegur með örlitlum torfflekkjum. 60-120cm lagskipt torf með grárri gjósku (H1300). Virðist ekki vera eiginlegur torfveggur.
- 2: Grasrót 10cm þykk. Neðan hennar 10-100cm var torfveggur með þykkum linsum af H1300. Rauðleitt mýrartorf sem var dekkra neðar í kjarnanum en þar var meiri raki.
- 3: Grasrót niður á 15cm. Frá 15-100cm rauðleitt mýrartorf með smá flekkjum af H1104 og þykkum linsum af H1300.
- 4: Komið niður á stein á 14cm dýpi.
- 5: Grasrót niður á 15cm dýpi. Frá 15-93cm dýpi rauðleitt mýrartorf með dálitlu af H1104 og þykkari linsum af H1300. Á 70cm dýpi virtist torfið eilítið þéttara og rótarríkara með smá kolaflekkjum. Gæti tengst því að jarðvegur varð rakari eftir því sem neðar dró.

- 6: Grasrót niður á 20cm dýpi. Frá 20-61cm rauðleitt mýrartorf með H1300. Á 63cm um 1cm þykkt lífrænt lag með grárri ösku. Neðan þess samskonar rauðleitt mýrartorf niður á 88cm þar sem að kom 3cm grátt öskulag. Neðan þess var komið niður á fast.
- 7: Grasrót niður á 10cm dýpi. Frá 10-70cm rauðleitt mýrartorf með H1300, gjóskulinsur allt að 1cm að þykkt. Á 70cm komið niður á fast.
- 8: Komið niður á stein á 6cm dýpi.
- 9: Grasrót niður á 15cm dýpi. Frá 15-53cm gráleitt torf með leirlinum. Í torfi var mjög slitrótt H1104 og þunn svört gjóska (Vj1000?). Frá 55-71cm rótað dökkt lag með torfflekkjum, rauðleitu torfi. Á 70cm dýpt um 1cm þykkt grátt óhreyft öskulag. Neðan þess var óhreyft niður á 115cm.
- 10: Grasrót niður á 15cm dýpi. Frá 15-80cm rauðleitt mýrartorf með H1300. Komið niður á stein á 80cm dýpi.
- 11: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-78cm rauðleitt mýrartorf með H1300.

Túlkun

Í kjörnunum komu fram töluverð merki mannvistar. Komið var niður á þykka torfveggi og á einum stað (kjarna 9) var vísbending um þunnt gólflag. Torfveggirnir virtust allir frá því eftir 1300. Jarðvegur var mjög þurr og púðurkenndur efst í kjörnum og því erfitt að greina jarðlög þar. Engin óhreyfð gjóska fannst yfir minjunum en H1300 var óhreyfð á einum stað en engar mannvistarleifar fundust neðan þess. Þarna var greinilega um að ræða mannabústað sem líklega hefur verið í byggð á 14-15. öld.

Miðlína á mögulegu kirkjugarðssvæði

- 12: Grasrót niður á 15cm. Frá 15-32cm var rótaður jarðvegur með H3 og mold. Neðan við 32cm virtist vera óhreyfður jarðvegur.
- 13: Grasrót niður á 15cm. Frá 15-25cm torfrót með H3 og finni svartri gjósku. Neðan þess virtust náttúruleg jarðlög niður á 70cm þar sem komið var niður á stein.
- 14: Grasrót niður á 10cm dýpi en neðan hennar virtust náttúruleg jarðlög.
- 15: Grasrót niður á 15cm dýpi. Frá 15-30cm var rótað jarðlag með dökkri gjósku, ösku og smá kolum. Neðan 30cm virtust náttúruleg jarðlög.
- 16: Grasrót niður á 20cm þar sem komið var niður á stein.
- 17: Komið niður á stein á 12cm dýpi.
- 18: Grasrót niður á 15cm. Frá 15-23cm rótaður jarðvegur með dálitlu af H3. Komið niður á stein á 23cm.
- 19: Grasrót niður á 20cm. Frá 20-50cm rótað torf með H3 og dökkri gjósku. Örlítið af kolum og flekkir af H1104. Á 50cm dýpi, H3 *in situ*.
- 20: Grasrót niður á 20cm. Frá 20-68cm rótaður jarðvegur með torfflekkjum, H3, H1104 og örlitlu af kolum. Frá 68-80cm fokmold með dálitlu af kolum. Neðan þess náttúruleg jarðlög.
- 21: Grasrót niður á 20cm . Frá 20-56cm rauðleitt mýrartorf, mjög rótað með sandi og svartri gjósku. Náttúruleg jarðlög neðan 56cm.

Túlkun

Búið er að slétta úr túnnum og ýta til jarðvegi á svæðinu sem kirkjugarðurinn á að hafa verið. Grunnt var niður á óhreyfðan jarðveg í flestum kjarnanna, rétt um 30cm. Mannvistarleifarnar voru aðallega rótað torf og blandaður jarðvegur með kolum og gjóskuflekkjum. Engin óhreyfð gjóskulög frá sögulegum tíma fundust. Engin óveéengjanleg merki grafa eða torfveggjar fundust

Neðri lína á mögulegu kirkjugarðssvæði

- 22: Grasrót niður á 10cm. Fokmold frá 10-18cm en þar var komið niður á stein.
- 23: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-50cm torf með H3, svartri og gráleitri gjósku. Torfið var ekki mjög lagskipt.
- 24: Grasrót niður á 20cm dýpi. Neðan þess rótað torf og mold með smá kolum niður á 38cm dýpi. Óhreyft neðan 38cm.
- 25: Grasrót niður á 15cm dýpi. Neðan þess rótað lag með flekkjum af rauðleitu mýrartorfi og H3 niður á 30cm dýpi. Komið niður á stein á 70cm dýpi.
- 26: Engin merki mannvistar fundust í kjarnanum.
- 27: Engin mannvist í kjarnanum, komið niður á fast á 30cm dýpi.
- 28: Engin merki mannvistar fundust í kjarnanum.
- 29: Engin merki mannvistar fundust í kjarnanum en H1104, þunn lína , mögulega óhreyfð á 30cm dýpi.
- 30: Grasrót niður á 15cm dýpi. Frá 15-30cm rótuð mold með eilítilli koladreif rótuðu torfi og móösku. Neðan 35cm er óhreyft.
- 31: Grasrót niður á 20cm. Neðan þess rótuð mold með dálitlum kolum niður á 30cm.

Túlkun

Merki voru um rótað torf í nyrstu kjörnunum. Ekki virtist um heillegan torfvegg að ræða og þar sem að miklum jarðvegi hefur verið rutt um á svæðinu er óvíst hvort torfið er á upprunalegum stað. Önnur merki um mannvist voru líka rótuð, líklega vegna jarðvegsvinnslu. Fyrir utan leifar mögulegs torfveggjar var ekkert sem staðfest gat að þar væri um kirkjugarð að ræða.

Efsta lína í kirkjugarði

- 32: Engin merki mannvistar fundust í kjarnanum.
- 33: Engin merki mannvistar fundust í kjarnanum.
- 34: Á 10cm dýpi var komið niður á stein.
- 35: Engin merki mannvistar fundust í kjarnanum.
- 36: Komið niður á stein á 8cm dýpi.
- 37: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-25cm var rótaður jarðvegur með dálitlu torfi. á 25-43cm dýpi var eldrautt duftkennt lag, bleikar linsur í laginu. Á 45cm dýpi var 3cm rótað lag með rauða duftkennda jarðveginum, H3 og grænleitri gjósku, mögulega landnámslaginu.
- 38: Grasrót niður á 16cm. Frá 16-31cm Torflag með þykkum linsum af H1104. Frá 31-93cm, rótað moldarlag með H3 flekkjum. Túlkað sem möguleg graffylling. Á 95-120cm er einsleit fokmold með smá koladreif, komið niður á fast á 120cm.
- 39: Grasrót niður á 20cm dýpi. Frá 20-66cm, rótuð mold með H3, H1104. Túlkað sem möguleg graffylling. Náttúruleg neðan við 66cm.
- 40: Grasrót niður á 22cm dýpi. Frá 22-40cm Torf með H1104. Frá 40-87cm dýpi rótaður jarðvegur með H1104, möguleg graffylling. Neðan þess náttúrulegt.
- 41: Grasrót niður á 25cm dýpi. Frá 25-47cm torf með H1104. Frá 47-91cm rótað, moldarblandið jarðlag, ekki með H1104. Óhreyfð fokmold neðan við 91cm.
- 42: Grasrót niður á 15cm dýpi. Frá 15-40cm rauðleitt mýrartorf með H1104 og grárri gjósku (H1300?).

Túlkun

Engin óýggjandi merki mannvistar fundust í nyrstu kjörnunum en í kjarna [37] var komið niður á þykkt lag af því sem virtist vera brennt torf. Í kjörnum [38-41] komu fram rótuð

moldarlög sem voru túlkuð sem möguleg graffylling. Í syðsta kjarnanum kom fram rauðleitt mýrartorf sem í var H1104 og H1300. Vera kann að þar sé um að ræða leifar kirkjugarðsveggjarins. Könnunarskurður var tekinn á svæðinu frá kjarna [38-41] og reyndist þar vera leifar grafreits og mögulega smiðju.

Mögulegur kirkjugarðsveggur


- 43:** Grasrót niður á 20cm. Frá 20-65cm rótað torf með H3 og dökkri gjósku.
- 44:** Grasrót niður á 20cm. Frá 20-43cm, rótað torf með H3 og dökkri gjósku.
- 45:** Grasrót niður á 17cm. Frá 17-50cm rótað torf með H3 og smá flekkjum af ljósri gjósku (H1104?).

Túlkun

Í öllum kjörnum var komið niður á leifar rótaðs, torfs, mögulega leifar kirkjugarðsveggjar. Torflögin voru nokkuð þykk en hefur líklega verið rótað um þegar túnið var sléttað. Vísbendingar voru um að hann hafi verið hlaðinn eftir 1104.

Borkjarnar teknir á Bræðrá í Sléttuhlíð

Bræðrá - yfirlitsmynd af skurðum og borkjörnum



Yfirlitstekning af borkjörnum sem teknir voru á Bræðrá.

Borkjarnalína vestur-austur yfir Bænhúshól

10.08.2011

- 1: Grásrót niður á 8cm dýpi. Frá 8-20cm smá móaska og kolablandin fokmold. Frá 20-26cm fokmold með örlítilli koladreif.
- 2: Grásrót niður á 7cm. Frá 7-20cm fokmold með smá koladreif. Á 20cm dýpi var dökk gjóska *in situ*.
- 3: Grásrót niður á 10cm. Frá 10-20cm moldarblandin möl. Frá 20-30cm fokmold með örlítilli koladreif. Óhreyft neðan við 30cm.
- 4: Þétt möl á 10cm dýpi.
- 5: Þétt möl á 7cm dýpi.
- 6: Grásrót niður á 10cm dýpi. Frá 10-20cm möl og mold. Neðan þess náttúruleg lög.
- 7: Þétt möl á 5cm dýpi.
- 8: Grásrót niður á 10cm. Frá 10-40cm er malarblandaður leir.
- 9: Grásrót niður á 10cm. Frá 10-20cm er moldarblandin möl. Frá 20-38cm leirborið malarlag.
- 10: Þétt möl á 15cm dýpi.
- 11: Grásrót niður á 20cm, örlítil kol í grásrót. Neðan 20cm þétt möl.
- 12: Þétt möl á 15cm.
- 13: Frá yfirborði og niður á 22cm, malarblandin mold. Neðan þess þétt möl.
- 14: Þétt möl á 10cm dýpi.
- 15: Dökk gjóska á 15cm dýpi, annars náttúruleg jarðlög.
- 16: Grásrót niður á 10cm. Frá 10-15cm rótað torf. Neðan þess óhreyft.
- 17: Engin mannvist í kjarna.

Túlkun

Greinilegt er að jarðvegi hefur verið rutt af hólnum og var mjög stutt niður á jökulmöl. Víða var komið niður á fast á litlu dýpi enda hóllinn myndaður úr þéttri jökulmöl. Hvergi var komið niður á mýkri jarðveg eins og gera mætti ráð fyrir í grafarfyllingu. Dálítil koladreif var ofarlega í jarðvegi en annars lítil mannvist.

Stakir borkjarnar á austari hólnum

10.08.2011

- 18: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-20cm dökkt, fínt jarðlag með koladreif. Frá 20-40cm Móaska, mold og kol. Frá 40-50cm rauðleitt rótað torflag. Frá 50-56cm móösku-kolalag, laust í sér.
- 19: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-30cm Gulleitt rótað torf með H3 og dálitlu af kolum. Frá 30-36cm rautt móöskulag með kolalagi neðst. Frá 36-47cm rótuð mold með koladreif. Óhreyft neðan þess. Á 48cm dýpi svört þunn gjóska.
- 20: Grasrót niður á 19cm þar virtist H1104 *in situ*. Undir henni frá 19-28cm var fokmold með smá koladreif.

Túlkun

Í kjörnunum komu fram merki þónokkurar mannvistar, bæði torf, kol og móaska. Torfleifar sem fundust voru fornar að sjá en enga gjósku var að finna *in situ* í kjarnanum til að staðfesta aldur.

Austari hóllinn – lína frá suðri til norðurs

- 21: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-30cm rótuð mold með torfflekkjum og smá koladreif. Óhreyft neðan 30cm.
- 22: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-29cm rótuð fokmold með H3. H3 *in situ* á 30cm.
- 23: Grasrót á 10cm, Frá 10-38cm torfrót með rauðu mýrartorfi sem í var H3 og dálítið af kolum. Á 38cm dýpi var 0,5cm þykk kolarönd með dálitlu af brenndum beinum. Neðan 38cm var komið niður á fast.
- 24: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-30cm rótað fokmoldarlag með H3 og dálítilli koladreif. Neðan við 30cm var komið niður á óhreyft og á 35cm var H3 *in situ*.
- 25: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-70cm gamallett torf með H3. Á 70cm var komið niður á fast.
- 26: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-36cm fokmold með dálítilli mannvist. Frá 36-53cm torf með H3. Komið niður á stein á 53cm dýpi.
- 27: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-40cm fokmold með smá flekkjum af 1104 og koladreif. Á 40cm liggur 1104 þvert yfir kjarnann, mögulega *in situ*. Frá 41-66cm rótað lag með torfi, kolum og móösku.
- 28: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-41cm Rauð móaska eða brennt torf með grænni gjósku og þykkri svartri gjósku. Komið niður á fast á 41cm.
- 29: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-22cm rótuð fokmold með kolum. Frá 22-24cm óhreyfð fokmold. Á 24cm liggur H1104 þvert yfir kjarnann, líklega *in situ*. Frá 24-27cm óhreyfð fokmold. Frá 27-40cm rauðleitt brennt torf með þunnum linsum af grænni gjósku. Komið niður á óhreyft á 40cm.
- 30: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-40cm rótað torf með H3. Óhreyft neðan við 40cm.
- 31: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-35cm rótað torf með smá kolum.
- 32: Grasrót niður á 10cm. Frá 10-15cm óhreyfð fokmold. Frá 15-44cm mjög lagskipt fornlegt torf með H3. Óhreyft neðan við 44cm.

Túlkun

Töluvert meiri jarðvegur var á hólnum austan Bænhússhólsins en á Bænhúshólnum sjálfum. Komið var niður í byggingu sem greinilega hefur verið mannabústaður. Í tveimur kjörnum virtist H1104 koma fyrir óhreyft og var mannvist að finna bæði ofan og neðan gjóskunnar. Óhreyfð fokmold á milli mannvistar og gjósku benda til að minjarnar geti verið frá því á 10. öld og er þarna líklega um elsta bæjarstæð Bræðrár að ræða.

Norðanvert á bænhúshóli

- 33:** Grasrót niður á 8cm. 8-17cm óhreyfð fokmold. Á 17cm, þunn dökk gjóska (H1766?). Á 17-34 fokmold með koladreif. Á 34cm liggur H1104 þvert yfir kjarna líklega *in situ* (0,3cm). Frá 35-41cm fokmold með dálitlum kolasalla. Frá 41-72cm óhreyfð fokmold, komið niður á fast á 72cm.
- 34:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-19cm fokmold með kolasalla. Komið niður á stein á 19cm.
- 35:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-20cm rótað með smá kolasalla og H3. Óhreyft neðan við 20cm.
- 36:** Steinn á 10cm dýpi.
- 37:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-17cm rótuð fokmold. Óhreyft neðan 17cm.
- 38:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-20cm fokmold með koladreif. Frá 20-40cm torf með H1104 og H1300. Komið niður á þetta mól á 40cm.

Túlkun

Dálítill merki um mannvist frá því fyrir 1104. Einnig merki um yngri mannvistarleifar en einungis í formi moldarróts og áfoks.

Sunnanvert á bænhúshóli

- 39:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-17cm rótuð fokmold. Óhreyft neðan 17cm.
- 40:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-20cm rótað torf. Óhreyft neðan 20cm.
- 41:** Grasrót niður á 10cm, örlítill kolasalli neðan þess en annars engin mannvist í kjarna.
- 42:** Grasrót niður á 10cm. Frá 10-18cm rótuð fokmold með flekkjum af H1104. Óhreyft neðan 18cm.
- 43:** Grasrót niður á 8cm. Mjög þunn dökk gjóska á 8cm. (líklega H1766) frá 8-16cm, fokmold með dálítilli koladreif. Óhreyft neðan við 16cm.

Túlkun

Dálítill merki mannvistar eftir 1104, aðallega í formi koladreifar. Greinilegt er að við sléttun túns hefur jarðvegi verið rutt af hólnum og því stutt niður í óhreyfða jökulmöl.

Borkjarnar teknir á Hofi í Hjaltadal

Hjaltahaugur – hringlaga jarðmyndun, mögulegur kirkjugarður

Borlína í mögulegan suðurvegg hrings – lá norður-suður

01.06.2011

- 1: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 2: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 3: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 4: Engin merki mannvistar. Komið niður á óhreyft á 40cm dýpi.
- 5: Komið niður á mel á 10cm dýpi.

Borlína í mögulegan norðurvegg hrings – lá norður - suður

- 6: Komið niður á mól á 10cm dýpi.
- 7: Óhreyft niður á 40cm dýpi, fokmold og sandur í kjarna. Komið niður á fast í botni kjarna.
- 8: Óhreyfð fokmold í 20cm, þar komið niður á stein.
- 9: Kjarni tekinn í tún norðan haugsins til viðmiðunar. Um 40cm niður á fast. Engin gjóska en jarðvegur gráleitur og leirkenndur með mýrarútfellingum. Engin merki mannvistar.

Kjarnar teknir austast í hringinn þar sem mögulegur torfveggur var greinilegastur

- 10: Komið niður á stein á 10cm dýpi.
- 11: Óhreyft niður á 40cm þar sem komið var niður á stein.

Kjarnar teknir í meintan sundlaugarvegg

- 12: Kjarni tekinn í norðurhluta veggjalags þar sem það stóð hæst. Grasrót var 10cm þykk. 10-25cm rótuð mold. 25-38cm, gráleitur jarðvegur. 38-65 torf með gráum linsum og rauðleitum mýrarfleckjum. Mjög fínkornótt og þétt. Komið niður á fast á 65cm.
- 13: Kjarni tekinn í norðurhluta veggjalags þar sem það stóð hæst. Grasrót 10cm þykk. 10-20cm óhreyfður fokjarðvegur. 20-56cm, gráleitt torf með þunnum linsum af H1104. 56-64cm linsa af sama torfi og kolum. 64-68cm samskonar gráleitt torf með H1104. Komið niður á óhreyft á 68cm. Óhreyfður fokjarðvegur niður á 70cm þar sem H1104 kom fram sem þunn lína þvert yfir kjarna, líklega *in situ*. Óhreyfð fokmold undir henni niður á 90cm.
- 14: Tekinn í norðurhluta sundlaugargarðs þar sem hann var greinilegastur. Grasrót niður á 10cm. Frá 10-62cm fremur einsleitt en grálitað torf með þunnum linsum af H1104. Dálítil koladreif neðst í torfi. Á 62cm var komið niður á fast.
- 15: Tekinn í norðurhluta sundlaugargarðs þar sem hann var greinilegastur. Grasrót niður á 10cm. Óhreyfður jarðvegur á 10-20cm. Frá 20-54cm var mjög lagskipt torf með H1104 og þunnri svartri gjósku, mögulega Vj~1000. Torfið var gráleitt með ryðlitum mýrarskellum. Dálítil koladreif var í torfinu á 52cm. Óhreyft neðan við 54cm.

Kjarni tekinn í gólf tóftar innan sundlaugargarðs

- 16: Tekinn í gólf óljósrar tóftar innan „sundlaugar“ garðs. Grasrót niður á 10cm. 10-32cm rótuð mold með torflefum. Á 32cm var 0,5cm þykk dökkgrá gjóska *in situ*, líklega H1300. Komið niður á stein á 34cm.
- 17: Kjarni tekinn í mjög ógreinilegan langvegg tóftar innan sundlaugargarðsins. Grasrót lá niður á 10cm. 10-15cm óhreyfð fokmold. Á 15-32cm torf með gráleitri gjósku, líklega H1300. Þessi gjóska lá sem 0,5cm þykk grá lína þvert yfir kjarnann neðst í torfinu og kann að vera að þar hafi hún verið *in situ* en ekki hluti af torfinu. Neðan hennar var svo óhreyfður jarðvegur.

Kjarnar teknir í meintan virkisvegg

- 18: Kjarninn var tekinn austan til á bæjarhólnum þar sem mögulegur virkisveggur var talinn geta verið. Grasrót niður á 10cm. 10-30cm rótuð mold með smá kolum og brenndum beinum. Frá 0-50cm rótuð mold með H3. Komið niður á fast á 50cm.
- 19: Kjarninn var tekinn austan til á bæjarhólnum þar sem mögulegur virkisveggur var talinn geta verið. Grasrót niður á 10cm. 10-40cm rótað með torfsneplum, H1104, móösku og smá kolum og brenndum beinaleifum. 40-50cm.
- 20: Kjarninn var tekinn austan til á bæjarhólnum þar sem mögulegur virkisveggur var talinn geta verið. Grasrót niður á 10cm. Þar fyrir neðan rótað torf niður á 40cm þar sem komið var niður á stein.

Kjarnar teknir í svokallaða Hoftóft

- 21: Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Óhreyfður jarðvegur niður á 30cm þar sem komið var niður á mól.
- 22: Kjarninn var tekinn rétt sunnan óljóss mögulegt veggjalags vestan gamalla fjárhúsa. Rótuð mold með smá torfsneplum niður á 40cm þar sem komið var niður í mól.
- 23: Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Óhreyfður jarðvegur niður á 40cm þar sem komið var niður á fast.
- 24: Kjarni tekinn í miðja mögulega tóft vestan gamalla fjárhúsa. 10cm óhreyfður jarðvegur niður á mól.
- 25: Kjarni tekinn í miðja mögulega tóft vestan gamalla fjárhúsa. 10cm óhreyfður jarðvegur niður á mól.
- 26: Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Grasrót niður á 10cm. Lagskiptara torf frá 15-50cm. Komið niður á óhreyfða H3 á 50cm.
- 27: Kjarninn var tekinn í óljóst mögulegt veggjalag vestan gamalla fjárhúsa. Rótað lag með torflefum og mold niður á 50cm dýpi. Þar var komið niður á mjög þunnt ljóst gjóskulag, líklega H1104 *in situ*. Dáltil Óhreyft var neðan hvítu gjóskunnar og um 5cm niður á H3 óhreyfða.
- 28: Kjarninn var tekinn í sléttað svæði rétt vestan fjarhússins, austan við tóftadældina. Grasrót var niður á 10cm. 10-58cm, rauðleitt fremur gróft torf. Á 58-62cm var fitugt bleikt lag með kolum og móösku og smá beinamusli. Lagið var nokkuð þétt og hefur mögulega verið gólflag. Neðan þess niður á 66cm var fokmold með koladreif. á 70cm var þunnt ljóst gjóskulag, líklega H1104. Um 2cm af óhreyfðri fokmold var á milli H1104 og Landnámslagsins.

Kjarnar teknir í svokallaðan Veisluskála

- 29: Kjarni tekinn í vestur langvegg meints veisluskála. Komið niður á grjótt á 20cm.
- 30: Kjarni tekinn í vestur langvegg meints veisluskála. Grasrót niður á 8cm. 24-35cm mjög ormétin rótuð mold með smá koladreif. Á 35-45cm torf með dökkri gjósku. Óhreyft undir 35cm.
- 31: Kjarni tekinn í vestur langvegg meints veisluskála. Óhreyft niður á 20cm dýpi þar komið niður á grjótt.
- 32: Kjarni tekinn í gólf Veisluskálans. Grasrót niður á 8cm Á 30cm dýpi kom fram rótuð mold með flekkjum af H3. Komið niður á það sem virtist vera mól á 40cm.
- 33: Kjarni tekinn í gólf Veisluskálans. Grasrót niður á 8cm. 8-28cm, ormétin fokmold. Á 28cm var dökk gjóska þvert yfir kjarna, líklega H1300, líklega *in situ*. Frá 28cm var rótað torf niður á 47cm. Óhreyft þar fyrir neðan.
- 34: Kjarni tekinn í einn þverveggja innan tóftar. Grasrót niður á 8cm. Frá 2-22cm, ormétin fokmold. Á 22cm, dökkleitt gjóska, líklega H1300 *in situ*. Frá 20-60 rótað torf með því

sem virtust örliðir flekkir af H1104, neðst í því lagi voru dálítil koladreif á um 6cm kafla ekki nógu þétt til að vera gólf. 60-65cm mjög rótuð mold með H3. Á 65cm var H3 *in situ*.

- 35: Kjarni tekinn í gólf eins afhólfs Veisluskálans. Græsrot niður á 8cm. 8-28cm. Frá 28-31cm óhreyfð fokmold. Á 31cm, dökk gjóska, líklega H1300 *in situ*. Á 33cm var H3 *in situ*.
- 36: Kjarni tekinn í eitt afhólfa Veisluskálans. Óhreyft niður á 10cm þar sem komið var niður á grjóti.
- 37: Kjarni tekinn í eitt afhólfa Veisluskálans. Óhreyft niður á 10cm þar sem komið var niður á grjóti.
- 38: Kjarni tekinn í suðurvegg Veisluskála. Ormétinn jarðvegur niður á 30cm þar sem komið var niður á stein.
- 39: Kjarni tekinn í inngang í Veisluskála. Ormétinn jarðvegur niður á 20cm þar sem komið var niður á stein.
- 40: Kjarni tekinn í gólf eins afhólfs Veisluskálans. Græsrot niður á 8cm. 8-28cm Ormétinn jarðvegur niður á 28cm. 28-40cm. Rótað torf með dökkri gjósku (H1104?).

Túlkun

Hjaltahaugur – meintur mögulegur kirkjugarður:

Hjaltahaugur er friðlýstur sem haugur landnámsmannsins Hjalta Þórðarsonar. Engin mannvist fannst á hólnum sem haugurinn stendur á. Líklegast um náttúrumyndun að ræða og hringlaga veggur umhverfis hólinn er líklega tilkominn vegna jarðvinnslu í túni.

Sundlaug:

Garðurinn er friðlýstur sem upphlaðin sundlaug frá landnámsöld. Kjarnar voru teknir í garðinn og tóft innan hans. Garðurinn er greinilega reistur eftir 1104 en ekki var hægt að ákvarða aldur hans nánar. Byggingin innan garðs virðist reist eftir 1300 og kann hún að vera jafnaldra garðinum. Ekki var hægt að ákvarða hvernig byggingu um var að ræða þar sem ekkert gólflag sást en í garðlaginu komu greinilega fram kolaleifar sem gætu bent til mannabústaðar. Þó er ekki hægt að fullyrða það þar sem kolin gætu hafa blásið yfir svæðið frá öðru bæjarstæði.

Virkisgarður:

Teknir voru kjarnar austanvert í bæjarstæði Hofsbæjar þar sem miklar grjóthleðslur komu upp við framkvæmdir sem taldar voru virki það sem fram kemur í Bollapætti. Einungis komu fram umrótaðar torfleifar sem gætu verið frá því að bæjarhúsum var rutt þarna um.

Hoftóft:

Nokkrir kjarnar voru teknir í laut sem liggur frammi á brekkubrún 90m norðan íbúðarhúss Hofa I og rétt vestan gamalla fjárhúsa. Fram komu leifar húss, líklega íveruhúss af einhverju tagi. Byggingin er yngri en 1104 en engar nánari aldursgreiningar voru mögulegar.

Veisluskáli:

Kjarnar voru teknir í friðlýsta tóft sem kölluð hefur verið Veisluskáli og talin vera skáli sá sem synir Hjalta landnámsmanns héldu í erfi fyrir föður sinn. Kjarnarnir leiddu í ljós að líklega er um að ræða rétt eða einhverskonar gripahús. Engin merki


voru um mannvist önnur en dálítið áfok kola. Byggingin virðist reist eftir 1104 og H1300 virðist liggja yfir leifum hennar að hluta sem bendir til að hún hafi verið aflögð fyrir þann tíma. Engin glögg merki voru um seinni tíma endurbyggingu.

Teikning 1

Höfði á Höfðaströnd 18.08.2011

Suðursnið í kirkjugarð

Teikn. GZ, GSS



1. Grasrót

3. Óhreyfð fokmold

5. Grafarfylling með mön og stærra grjóti. H1104 í flekkjum

2. Rótað torf með flekkjum af mýrarrauða og H1104


4. Rótað torf með H1104 og koladreif

Teikning 2

Höfði á Höfðaströnd 9.8.2011

Austursnið í yngri kirkjugarðsvegg

Teikn. GZ, GSS




Teikning 3

Höfði á Höfðaströnd 10..2011

Vestursnið í eldri kirkjugarðsvegg

Teikn. GZ, GSS



1. Grasrót



4. Rótað lag með
ösku, kolum og
litlum flekkjum af
H1104



2. Torf með H1104



5. Rauðleitt torf með
dálitlu H3 annars
fremur einsleitt



3. Rót úr torf-
vegg




6. Rusl, aska, kol,
brennd bein,
fokmold milli laga

Teikning 4

Ósland í Óslandshlíð 11.08.2011


Skurður 1 - planteikning

Teikn. GZ, GSS



- | | | |
|--|---|---|
|  1. Móaska inni í byggingu. |  4. Grafir eftir 1104. |  7. Grafir fyrir 1104. |
|  2. Þunnt móösklag utan byggingar. |  5. H1104 <i>in situ</i> . |  8. Gröf 1. |
|  3. Rótað torflag með H1104. |  6. Náttúruleg jarðlög. | |

Teikning 5
Ósland í Óslandshlíð 10.08.2011
Vesturnsið í skurði 1
Teikn. GZ, GSS



1. Grasrót

4. Mjög rauðleit móaska með torfflekkjum og þykkum linsum af H1104 og grænleitri gjósku.

7. Undir H1104. Mjög rótaður jarðvegur með torfflekkjum, flekkjum af H3 og smá koladreif.

10. Niðurgröftur með rótuðum jarðvegi

2. Rótað torf með fremur lagskiptu torfi með þykkum linsum af H1104. Nokkuð af kolum.

5. Linsa af rauðleitu mjögr rótuðumyrartorfi og fremur einsleitum jarðvegi með H3.

8. Óhreyfður jarðvegur.

3. Rótað torf með linsum af H1104. Stórir kolamolar. Mjög þurr og ormétinn jarðvegur.

6. Gröf sem er tekin fyrir 1104.

9. Grafir teknar eftir 1104.


Teikning 6

Bræðrá Sléttuhlíð

Skurður 3 - suðursnið

22.08.2011

Teikn. GZ, GSS



10 20 30 40 50cm



1. Grasrót



4. Óhreyfð fokmold



2. Niðurgröftur með
rótaðri fokmold, sandi,
kola- og móöskudreif,
H1300 og H1104



5. Rótuð mold með móösku, H3
og koladreif



3. Einsleitt moldarlag
með koladreif og smá
móösku

Teikning 7

Bræðrá Sléttuhlíð

Skurður 5 - flatarteikning

22.08.2011

Teikn. GZ, GSS

